

Borgarráð

Greiðsla sérstakra húsaleigubóta í kjölfar dóms Hæstaréttar nr. 728/2015

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 728/2015 komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg hefði verið óheimilt að synja umsækjendum um sérstakar húsaleigubætur á þeim forsendum að hann leigði íbúð af Brynju, hússjóði Öryrkjabandalagsins. Á grundvelli þessa dóms hefur nú þegar verið gengið frá greiðslum til allra þeirra sem eru í samskonar aðstæðum og umræddur dómur tekur til og uppfylla kröfur um greiðslur sérstakra húsaleigubóta að öðru leyti. Dómurinn tekur hins vegar ekki á því álitaefni hvort leigjendur Brynju, hússjóðs ÖBÍ, sem ekki höfðu lagt inn umsókn, ættu rétt til sérstakra húsaleigubóta. Því er lagt til að borgarráð samþykki að fela velferðarsviði Reykjavíkurborgar að afgreiða kröfur um greiðslu sérstakra húsaleigubóta frá leigjendum Brynju, hússjóðs ÖBÍ, án tillits til þess hvort að umsókn hafi legið fyrir, sbr. nánari umfjöllun í meðfylgjandi minnisblað. Jafnramt er lagt til að velferðarsvið leiti liðsinnis Öryrkjabandalagsins við að vekja athygli þeirra einstaklinga sem hugsanlega eiga rétt til greiðslu sérstakra húsaleigubóta aftur í tímann í samræmi við tillögu þessa. Þá er einnig lagt til að velferðarsvið Reykjavíkurborgar greiði dráttarvexti til þeirra sem eiga rétt á greiðslum sérstakra húsaleigubóta aftur í tímann án þess að gerð sé sérstök krafa um það.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað embættis borgarlögmanns og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 2. maí 2018.

Minnisblað

Efni: Greiðsla sérstakra húsaleigubóta í kjölfar dóms Hæstaréttar nr. 728/2015.

Dags: 2. maí 2018

Viðtakandi: Stefán Eiríksson, borgarritari.

Sendandi : Embætti borgarlögmanns og velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Með tölvupósti, dags. 9. apríl 2018, óskaði borgarritari eftir minnisblaði frá embætti borgarlögmanns og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna greiðslu sérstakra húsaleigubóta í kjölfar dóms Hæstaréttar nr. 728/2015.

Reglur um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur eru settar á grundvelli XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Reglurnar voru samþykktar á fundi félagsmálaráðs þann 18. febrúar 2004 og á fundi borgarráðs þann 24. febrúar 2004 og tóku þær gildi 1. mars 2004. Þegar reglurnar tóku gildi voru sérstakar húsaleigubætur einungis greiddar til leigjenda á almennum markaði en frá árinu 2008 voru sérstakar húsaleigubætur einnig greiddar til leigjenda Félagsbústaða hf., sbr. 3. mgr. 3. gr. reglna um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur. Samkvæmt ákvæðinu var einungis um að ræða fjárstuðning til greiðslu húsaleigu á almennum markaði eða í félagslegu leiguhúsnæði, þjónustuíbúðum og öðru húsnæði í eigu eða á forræði Félagsbústaða hf., umfram almennar húsaleigubætur en ekki til einstaklinga sem leigðu húsnæði hjá frjálsum félagasamtökum. Reglurnar gera m.a. ráð fyrir því að lagt sé mat á félagslegar aðstæður umsækjanda samkvæmt d. lið 4. gr. reglnanna:

Umsækjendur verða að skora að lágmarki 4 stig vegna félagslegra aðstæðna sinna, þ.e. 2 stig vegna húsnæðisstöðu og 2 stig vegna félagslegs vanda umsækjanda eða sérstakra aðstæðna barna sbr. matsviðmið (sjá fylgiskjal 1).

Þegar umsókn um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur er lögð fram er lagt mat á félagslegar aðstæður á þeim tíma. Samkvæmt áðurnefndum matsviðmiðum eru húsnæðisaðstæður metnar verulega erfiðar, þ.e. til tveggja stiga ef minna en sex mánuðir eru eftir af leigusamningi, húsnæði er heilsuspillandi eða ef um er að ræða búsetu á áfangaheimili sem þarf að rýma innan tíðar. Ef umsækjandi er heimilislaus er húsnæðisstaða metin til þriggja stiga, þ.e. vart mögulegt að bíða eftir húsnæði. Umsækjandi í öruggu húsnæði er metinn til núll stiga.

Þann 16. júní 2016 féll dómur Hæstaréttar í máli nr. 728/2015. Í málinu komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg hefði verið óheimilt að synja umsækjanda um sérstakar húsaleigubætur á þeim forsendum að hann leigði íbúð af Brynju, hússjóði Öryrkjabandalags

Íslands (ÖBÍ), en samkvæmt 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík var ekki unnt að fá slíkar bætur nema umsækjandi leigði húsnaði á almennum leigumarkaði eða væri í leiguíbúð á vegum Félagsbústaða hf. Að mati Hæstaréttar voru aðstæður leigjenda hjá Félagsbústöðum hf. og Brynju, hússjóðs ÖBÍ sambærilegar þar sem um hliðstætt húsnaðisöryggi væri að ræða. Sú skylda hvíldi á Reykjavíkurborg sem sveitarfélagi að gæta þess við afgreiðslu á umsóknum um sérstakar húsaleigubætur samkvæmt 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 að ekki væri á umsækjendur hallað í samanburði við aðra íbúa sveitarfélagsins sem nytu þeirra bóta. Hefði Reykjavíkurborg ekki fullnægt þessari skyldu sinni á viðhlítandi hátt.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 728/2015 hófst umfangsmikil vinna af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við að meta áhrif dómsins og hvernig bregðast skyldi við honum. Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur borist fjöldi krafna um greiðslu sérstakra húsaleigubóta aftur í tímann. Þær kröfur hafa verið metnar samkvæmt matsviðmiðum með reglum um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur. Umsækjendur sem búsettir eru í húsnaði á vegum Brynju, hússjóðs ÖBÍ, eru metnir að lágmarki til tveggja stiga í húsnaðisstöðu, sbr. fyrrgreind matsviðmið. Þá var félagslegur vandi umsækjanda metinn á þeim tíma þegar umsókn var lögð fram. Ljóst var að hluti umsækjenda uppfyllti ekki skilyrði reglna, t.d. varðandi búsetu, tekju- og eignaviðmið eða tiltekinn stigafjölda og var þeim synjað. Þá var hluti margra krafna fyrndur en samkvæmt 3. ml. 6. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnast kröfur um einstakar gjaldfallnar greiðslur, sem umsamdar eru vegna eftirlauna, framfærslueyris, meðlags eða annarrar greiðslu sem fellur í gjalddaga með jöfnu millibili og eru ekki afborganir af höfuðstól, á fjórum árum. Dráttarvextir hafa verið greiddir til þeirra umsækjenda sem gerðu kröfu um slíkt.

Þann 1. janúar 2017 féllu ákvæði reglna er lúta að sérstökum húsaleigubótum úr gildi og við tóku reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnaðisstuðning. Litið var svo á að allir þeir sem áttu rétt á greiðslu sérstakra húsaleigubóta afturvirkir áttu einnig rétt á sérstökum húsnaðisstuðningi.

Með bréfi, dags. 15. janúar 2018, gerði ÖBÍ meðal annars þá kröfu að Reykjavíkurborg endurskoði afstöðu sína og fallist á að greiða ekki einungis þeim aðilum sem áttu gilda umsókn heldur einnig öllum þeim sem áttu í raun rétt á sérstökum húsaleigubótum samkvæmt dómi Hæstaréttar en höfðu ekki sótt um. Í bréfinu kemur fram að ÖBÍ þekki mörg dæmi þess að umbjóðendum bandalagsins hafi verið ráðlagt gegn því að sækja skriflega um sérstakar húsaleigubætur enda hafi stefna borgarinnar verið sú að leigjendur hjá Brynju, hússjóði ÖBÍ, ættu ekki rétt á slíkum bótagreiðslum. Starfsmenn borgarinnar hafi því veitt umbjóðendum ÖBÍ „rangar og villandi upplýsingar, þvert á skyldur þeirra skv. stjórnarsýslulögum“ og þannig staðið í vegi fyrir því að formlegar umsóknir umbjóðenda bandalagsins lægju fyrir.

Telja verður að allar líkur séu á að upplýsingagjöf borgarinnar hafi haft þær afleiðingar að einhverjir umbjóðendur ÖBÍ hafi ekki sótt um sérstakar húsaleigubætur. Þær upplýsingar voru þó veittar í góðri trú enda var það afstaða borgarinnar, fram að dómi Hæstaréttar, að leigjendur hjá Brynju, hússjóði ÖBÍ, ættu ekki rétt á sérstökum húsaleigubótum. Starfsmenn

Reykjavíkurborgar veittu upplýsingar í samræmi við þá stefnu og því ekki hægt að fallast á með ÖBÍ að þeir hafi veitt villandi upplýsingar eða brotið gegn skyldum sínum. Reykjavíkurborg sem stjórnvald ber hins vegar ábyrgð á þeirri stefnumótun sem upplýsingagjöf starfsmanna byggir á. Því hníga sanngirnissjónarmið til þess að borgin ákveði að koma til móts við kröfur ÖBÍ og greiða öllum leigjendum Brynju, hússjóðs ÖBÍ, afturvirkar sérstakar húsaleigubætur þrátt fyrir að þeir hafi ekki átt gilda umsókn um slíkar bætur, að því gefnu að þeir hafi uppfyllt önnur skilyrði til slíkra greiðslna á þeim tíma sem þær áttu að eiga sér stað.

Verði tekin sú ákvörðun að greiða öllum leigjendum hjá Brynju, hússjóði ÖBÍ, sérstakar húsaleigubætur fjögur ár aftur í tímann frá uppkvaðningu dóms Hæstaréttar, eru ýmis álitaefni sem taka þarf afstöðu til. Til dæmis þarf að taka ákvörðun um það hvort Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að finna þá einstaklinga sem gætu mögulega átt rétt á afturvirkri greiðslu sérstakra húsaleigubóta eða hvort upplýsa eigi ÖBÍ um breytta afstöðu og fela bandalaginu að upplýsa umrædda einstaklinga um hugsanlegan rétt til greiðslu sérstakra húsaleigubóta aftur í tímann. Þegar fyrir liggur um hvaða einstaklinga yrði að ræða færi fram mat í samræmi við matsviðmið, m.a. á félagslegum aðstæðum. Þá liggur fyrir að þó nokkrir einstaklingar hafa fengið afturvirkar greiðslur fyrir styttra tímabil en fjögur ár frá uppkvaðningu dóms Hæstaréttar þar sem miðað var við greiðslur frá því tímamarki sem þeir sóttu um sérstakar húsaleigubætur. Ljóst er að taka þyrfti mál þeirra til endurskoðunar og greiðsla færi fram á nýjum forsendum. Lagt er til að velferðarsviði Reykjavíkurborgar verði falið að vinna að nánari útfærslu.

Nú hafa um 200 til 300 einstaklingar gert kröfu um greiðslu sérstakra húsaleigubóta aftur í tímann og hafa sérstakar húsaleigubætur greiddar til 171 heimilis á grundvelli dómsins. Samtals var fjárhæð endurgreiðslu um 54 mkr. en endurgreiðslur til einstaklinga voru frá u.þ.b. 13.000 kr. til 1.559.000 kr. Meðalendurgreiðslan var um 316.000 kr. Ljóst er að ef fallist verður á að greiða sérstakra húsaleigubætur fjögur ár aftur í tímann frá uppkvaðningu dóms Hæstaréttar án þess að umsókn hafi verið lögð fram áður þá verði kostnaður fyrir hverja umsókn umtalsvert meiri auk þess sem gera megir ráð fyrir auknum fjölda umsókna.